

Ed.

940. Breytingartillögur

[313. mál]

við frv. til laga um steinullarverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Grein'in orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

2. Við 2. gr. Greinin falli brott.

3. Við 3. gr. Við 2. tölulið bætist: þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárförf vegna stofnkostnaðar.

4. Við 4. gr. Greinin falli brott.

5. Við bætist ákvæði til bráðabirgða:

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 3. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 3. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda.